


HEIMIR

V. árgangur

WINNIPEG, 1909.

8. blað.




Charles R. Darwin

Fæddur 12. Febrúar 1809. Dáinn 19. Apríl 1882

Charles R. Darwin

12. Febrúar 1809 — 12. Febrúar 1909.



UNDRAD ÁR eru nú liðin síðan náttúrufræðing-
inn enski, Charles Darwin, fæddist. Sá mað-
ur, er ódauðlegastur verður í sögunni, allra 19.
aldar manna. Óhætt er að fullyrða að enginn
hafi komið öðru eins róti á hugsanastefnu og
trúskoðanir manna eins og hann, hvorki fyrir þé síðar, og enginn
gjört jafn gagngjörða breytingu á öllum fræðigreinum eins og
hann. Breytiþróunar lögmálið, er hann fyrstur færði óyggj-
andi rök að, framkallaði nýja sköpunarsögu, nýtt heimsyfirlit,
gagngjörða breytingu á öllum skoðunum manna aðlútandi hin-
um efnislega heimi. Það gjörbreytti öllu í senn, guðfræðinni,
heimspékinni, náttúruvísindunum. Það hlóð grunninn undir
alla vísindalega starfsemi, hverrar tegundar sem er, en reif
grunninn undan öllum trúarlærdómunum fornu. Eftir að
breytiþróunarlögmálið varð mönnum kunnugt, var fundin undir-
staða, ekki eingöngu fyrir líffræðinni, heldur líka að mannfræð-
inni, tungumálafræðinni, og siðmenningarsagan byrtist algjör-
lega í nýju ljósi. Skyldleiki þjóðanna, *tegundir* tungnanna, er
allar eiga sameiginlegann stofn, — hliðstæðar greinar á sama
ættarmeidnum, — opnaði nýjað heim fyrir rannsóknir málfræð-
inga. Atburðir sögunnar urðu skýrari, og betur en nokkru sinni
fyr sást til brautarinnar, er mannkynið var komið, ofan frá
öndverðum dögum.

Þetta ár er fimtugasta árið síðan bók hans „Origin of the
Species“ fyrst kom út, er opnaði þenna útheim fyrir skynjun
manna. Árið er ekkert jubil-ár, eldri guðfræðinnar, því það er
tímamótin í sögu hennar, er henni fer áreiðanlega að fara aftur.

Eins og kunnugt er byrjaði Darwin athuganir sínar á því,
hve hinar ýmsu líftegundir væru hver annari líkar, og þó ekki
væri nein sönnun fyrir því, hlyti þær að vera skyldar, eiga jafn-
vel sameiginlegan uppruna. Þessi skoðun sagði hann að hefði
fyrst fengið vald yfir öllum hugsunum sínum árið 1837. Þá

byrjaði hann á dagbók sinni og að efna til þess er síðar varð hans aðalverk. Hann safnaði af öllum kröftum, öllum þeim gögnum og upplýsingum er hann gat höndum yfirkomid, með samtali við menn, úr ritum og bókum, er laut að úrættun og umbótum húsdýra og jurtategunda. „Er eg lít yfir starf mitt frá þeim tíma furðar mig á iðni minni þá,“ segir hann. „En brátt komst eg að þeirri niðurstöðu, að þau einu skilyrði fyrir umbótum væru þau, að velja hæfari einstaklingana, hvort heldur var um jurt eða dýr að ræða, til framleiðslu, en úrelða hira. Hversu það gæti látið sig gjöra, frá tilverunnar hendi, var mér ekki fullljóst þá.“

En árið eftir las hann bók eftir hagfræðinginn enska, Malthus, „Um mannfjölgun“, og segir hann að þá hafi hann komist að hvaða aðferð það er, sem tilveran notar til þess að úrelða það óhæfara en viðhalda því fullkomnara. Það er, „Baráttan fyrir tilverunni.“ Sú barátta er ströng og ströð, og í henni sigrar jafnan hið þróttmeira, þeir einstaklingar, er bera yfirburði yfir þá, er þeir eiga í sökum við. Og þegar því er fylgt um ómuna tíð, kynslóð eftir kynslóð, myndast á þann hátt nýjar tegundir, en aðrar aftur líða undir lok, er undir verða í sókninni. Yfirburðirnir til lífs útveganna ganga í ættir og breytir smámsaman lögum og lífnaðarháttum tegundanra. Á sama hátt deilast svo þessar tegundir í smátægundir, og þær aftur síðar í flokka. Frá einni frumtegund getur því þetta margbreytilega dýralíf jarðarinnar sprottið. Jurta og dýrarikið eiga einn og sama uppruna.

Öll skifting og aðgreining dýra og jurta er „breytiþróun.“ Þannig, að af sama stofni, um ómæligan aldur, hefir hin lifandi veröld sundurgreinst í allar þær margvíslegu tegundir er nú finnast, því með einstaklingsbaráttunni, fyrir tilverunni, hefir það þróttmeira og lífhæfara sigrað, og hafa þeir eiginlegleikar, einn til þessa, annar til hins, gengið í ættir og tegundirnar myndast, er svo aftur, hlýðandi sömu lögum, hafa haldið áfram að breytast í smærri kynkvíslir og flokka.

Þetta er í fáum orðum yfirlit yfir Framþróunarkenninguna, er hann útfærir í bókinni „Uppruni Tegundanna,“ er má telja

aðalverk hans, og segir Darwin, að þegar árið 1839 hafði hann verið orðinn algjörlega fullviss um sannleiksgildi hennar. En „tilgátuna“, því hann nefndi kenningu þessa altaf tilgátu (Theory)—og sýndi í því óbeit þá er hann hafði á frekjulegum, örökstuddum staðhæfingum,—vildi hann ekki láta frá sér fara, fyrr en hann hafði annaðhvort rökstutt hana trútrælanlega, eða þá sannfært sjálfan sig um einskisvindi hennar. Svo liðu 20 ár unz bók hans kom út, „Uppruni Tegundanna.“ Um öll þessi ár var hann að safna rökum að þessari skoðun, velta henni fyrir sér á allan hátt og leita vísindalegra sannana. Hvar sem hann var á ferð veitti hann öllu nákvæma eftirtekt, dýrum og jurtum, ornum og sjáfarskepnum. Á sér bar hann jafnan vasabók, er hann færði athuganir sínar í. Og líka, hvar sem hann var á gangi, ef honum datt eitthvað í hug, er sennilega mætti tilfæra móti þessari kenningu, færði hann það til bókar til þess að leita þar svars á móti. 1842 segist hann hafa byrjað að samandruga þessar skoðanir sínar með ritblýi og gjört uppkast af ritgjörð, er verið hafi eitthvað 35 síða löng. Tveim árum síðar útfærði hann þessa ritgjörð á 230 síður, en ekki fannst honum svo vera frágengið að hann mætti fara með það á prent.

Nokkur ár liðu því enn, þar til 1856, að vinir hans fóru að reka á eftir að hann byrjaði á ritverki. Segist hann þá hafa byrjað á ritinu „Uppruni Tegundanna“, í hálfu stærri stýl en bókin varð síðar. Er hann var vel hálfnaður breyttist þessi fyrirætlan, því 1858 sendi vinur hans, náttúrufræðingurinn A. R. Wallace, er þá dvaldi á Malay skaganum, honum ritgjörð, „Um tilsókn Tegundanna að frálíkjast Frumstofni“, er hann óskaði að hann léti prenta. Ritgjörð þessi bar fram alveg sömu skoðanir og Darwin var að útfæra í bók sinni, og samkvæmt áskorun vina sinna lét hann prenta yfirlit yfir ritverk það er hann var að semja, með þessari ritgjörð Mr. Wallace.

Um það hefir síðan verið þráttað hvor þeirra sé höfundur Framþróunarkenningarinnar. Verður því bezt svarað af þeim sjálfum, er aldrei gerðu neitt þrátt um það, en álitu það miklu fremur sönnun síns máls að sinn í hvoru lagi höfðu þeir kemist að sömu niðurstöðu, án þess að bera sig saman. Enda lét

Wallace þess getið síðar, að í þessum rannsóknnum hefð Darwin verið fyrir sér í öllu.

Eins og eðlilegt var gjörði Darwin ekki ráð fyrir miklum vinsældum fyrir bók sína, því þótt hann segðist hafa gjört þessar rannsóknir í þarfir vísindanna gat honum ekki dulist að málalok yrði þau, að með þessari nýju kenningu hefði hann alla guðfræðingana upp á móti sér. Kenning hans og G. T. voru ósamrýmanleg. Ef allar tegundir dýra áttu sama uppruna, voru allar komnar af sama frumstofni, hvað varð þá af sköpunarsögu Mósesar? Og hvað um alt er þar aðlaut, aldur veraldar, sköpun mannsins, fall hans, flóðið og friðþæginguna? Það voru því aðeins lögð upp 1250 eintök. En þau seldust öll sama daginn og bókin kom út. Það varð því strax að efna til annarar útgáfu. Árið 1876 höfðu rúm 16,000 eintök selzt á Englandi einu.

En ekki framar vonum urðu deilur miklar um bókina og kenningar Darwins, en þær stóðu of föstum fótum til þess þeim yrði hrundið með nokkrum blaðagreinum. Og fleiri en guðfræðingarnir tóku sér fyrir hendur að ósanna þessar „nýju skoðanir“. Nokkrir úr hópi fræðimanna urðu til þess líka og meðal þeirra eðlisfræðingurinn og náttúrufræðingurinn frægi, Louis Aggazis, við Harvard. En það urðu nú líka fleiri er á móti tóku en Darwin einn. Tómas Huxley, einn merkasti fræðimaður Engendinga, stóð mest fyrir svörum fyrir hönd Evolutionista og vannst það mál vel. Darwin sjálfur svaraði sjaldan nokkurri opinberri árás. Óvæginn þótti Huxley í garð guðfræðinga, er ásæknastir voru að berja niður þessa „villu“, áleit þeim hæfði tæplega vísindalegar röksemdir, en dró þá í sundur í háði.

Árið eftir að bókin um „Uppruna tegundanna“ kom út, segir Darwin í bréfi til vinar: „Grjótkastið er byrjað, grýtt í allar áttir, en fremur snertir það guðfræðingana en okkur.“ En þó segir hann um sama leyti í bréfi til Huxley's. „Eg er orðinn fársjúkur á öllum þessum árásum, þó gjöra þær það gagn, að þær vekja eftirtekt á því sem kenningin flytur.“

Í ársbyrjun 1871 kom út bók hans „Uppruni Mannsins“ (Descent of Man), og var það verk áframhald af riti hans um „Uppruna Tegundanna“. Í þeirri bók færði hann óyggjandi

rök að því, er hann hafði aðeins vikið að, að maðurinn væri upprunninn á sama hátt og önnur dýr jarðarinnar, hefði þroskast upp frá óæðri tegundum, og af öllum dýraflokkunum væri skyldleikiinn nákomnastur meðal mannsins og apans. Báðir komnir af sama frumstofni.

Þessu var svo snúið að Darwin kendi að maðurinn væri kominn af öpum, og skorti þá eigi atyrðingar og hallmæli til hans og þeirra, er aðhylltust skoðanir hans. Svo mikla vantrú og ósvífni hafði enginn leyft sér að koma með fyr. Þá fyrst var höggvið nærri innblásturskenningunni og óskeikulleik ritningarinnar. Framþróunarkenningin hafði smátt og smátt unnið sér áhangendur upp að þessum tíma, en að færa manninn undir sama lög-mál og dýrin þótti sumum gengið alllangt. Mótmælunum urðu nú ýmsir til að svara og eins og fyrr varð Huxley mest fyrir svörum á Englandi. Eftir að hann hafði ritað sína aðal varnarritgjörð fyrir þessari kenningu segir Darwin í bréfi til hans: „Mig hafði aldrei dreymt að þú myndir hafa tíma til að leggja eitt orð til liðs málefni því er þú hefir svo ágætlega varið. Bardaginn verður langur löngu eftir að við erum dauðir og á burt.“ Og þau orð hafa ræzt, þó Darwin lifði það að flestir hinna betur metnu fræðimanna gengju inn á skoðanir hans. Baráttan hefir varað ofan til þessa tíma, þó telja megi nú að bardaginn sé unninn. — Á öllum miðstöðvum heimsmenningarinnar eru kenningar Darwins viðteknar, og mótmælin hafa hrakist undan út á hólma og hornstrandir*) siðmenningarinnar.

1) Minnir það oss á að þetta útskýrir afstöðu dálútils hóps Íslendinga hér vestra, „Kyrkjufélagsins Lútherska“, er hallmælt hefir ávalt kenningum Darwins. Hér lengi framan af úrum, ef á framþróunarkenninguna var minnst, olli það ekki lítilli háverð, þeir urðu svo hræddir um ritninguna prestarnir og Lögberg svo hrætt um prestana. Þegar Jón Ólafsson ritstj. var hér, nú fyrir 16–17 úrum síðan, og var að fræða landa sína um kenningar Darwins, byrjuðu fyrst þessi mótmæli í gífurlegum stíl. Þá var það, er ýmsir lúthersku stólparnir féllu sem flatastir fyrir Jóni í þeirri deilu, að Einar Hjörleifsson orkti gamanvísur sínar, „Ófugur Darvinsmus“, til kunningja sinna á Lögþ.

„Þér finnst það vera grátlegt góði vin ef gömlu trúnni á Edens líf vér töpum og ljót sú speki að manna kristið kyn sé komið út af loðnum, heimskum öpum.“

Þér finnst að allt sé orðið vesalt þá, ef áttargöfgi vorri þannig töpum. Hitt er þó miklu verri sjón að sjá, ef synir manna verða að heimskum öpum.“

Að ætt var Darwin kominn af bændafólki, efnuðum óðalsbændum, er koma meira og minna við sögu frá því fyrir daga Cromwells. Hver fram af öðrum höfðu þeir feðgar lagt fyrir sig lærdóm og vísinda iðkanir, þannig var langafi Charles Darwins talinn einn helzti grasafraðingur Englendinga á 18. öld og yngsti sonur hans, Erasmus, afi vísindamannsins, var skáld gott og ritaði um heimspeki og bókmentir. Aftur var faðir Darwins góðfrægur læknir.

Charles Robert Darwin er fæddur 12. Febr. 1809 í Frankwell í Shrewsbury. Systkinin voru sex og var hann næstur því yngsta. Er hann var á 9. ári dó móðir hans, og segir hann í æfiágrípi sínu að hann muni helst ekkert um hana fyrr en rétt fyrir andlátið, en aftur getur hann föður síns víða og jafnan með frábærri lotningu. Foreldrar Darwins stóðu fyrir utan Ensku kyrkjuna og tilheyrði móðir hans Unítara-kyrkjunni í Shrewsbury. Þá kyrkju sótti Darwin sem drengur og hjá prestinum, síra G. Case, lærði hann undir skóla, var komið til hans sama árið sem móðirin dó. Ekki var Darwin næmur né bráðproska á yngri árum, enda var heilsa hans veil alla æfi. Eftir nokkurt undirbúningsnám var hann sendur á latínuskóla hjá Dr. Butler í Shrewsbury, og var hann þar af og til í 7 ár. Á þeim skóla segist hann sjálfur ekkert hafa lært. Þar var lítið annað kent en fornmalin og fornaldarsagan. Sveik hann af sér skyldunámið en lagði sig eftir efnafræði og í hjástundum að lesa ritverk Byron's, Scott's og Shakespeare's. Er hann vék úr þeim skóla stóð hann hvorki vel eða illa, en ekki hafði skóla-meistara hugnast að honum og ekki hafði hann komist það áfram er faðir hans hafði vonast til. Og segir hann þá að faðir sinn hafi sagt við sig: „Þú hugsar um ekkert nema skytning, hunda og rottuveiðar, þú verður sjálfum þér til skammar og allri þinni ætt.“

Var hann þá næst sendur til Edinborgar háskóla, til að stunda læknisfræði. Lítið féll honum betur þar og um veru sína þar segir hann: „Uppfræðslan við Edinborgar háskóla var með fyrirlestrum, er voru óbærilega daufir, undanteknum þeim um efnafræði. Að minni hyggju gagna fyrirlestrar ekkert í sam-

anburði við lestur. Fyrirlestarnir um lyfjafræði kl 8 um vetrarmorgnana eru mér ennþá hin voðalegasta tilhugsun. Kennarinn í nánmeðlisfræði hefði það lag, að gjöra þá námsgrein eins andlausa eins og hann var sjálfur. Eg sé ætíð eftir því að eg ekki skyldi vera látinn stunda líkskurð, það hefði komið mér að notum síðar."

Það mesta er hann virðist hafa lært af veru sinni í Edinborg, er það sem hann aftaði sér sjálfur með lestri, því ekkert varð úr læknisfræðinni, en hann lagði sig allan fram eftir nátturu vísindum. Eftir tvö ár hvarf hann heim aftur og sendi faðir hans hann þá til Cambridge og átti Darwin nú að læra til prests. Ekki var um annað að ræða en gjörast prestur í ríkiskyrkjuni, en það sagðist hann hafa vílað fyrir sér, vegna þess er hann hafði áður nemið, og stórlega efast um margar kenningar hennar. „Eftir á, þegar eg hugsa um hve grimmt eg hefi verið ofsóktur af orþodoxíunni, er það næstum spaugilegt, að um eitt skeið skyldi mér hafa verið ætlað að verða prestur. Né var sú ákvörðun yfirgefin, heldur dó hún náttúrlegum dauða. Ef hausaskeljafræðingum er að trúa var eg að einu leyti vel fallinn til prests. Fyrir nokkrum árum það skrifari þýsks sálrannsóknarsélagss míg um mynd af mér og nokkrum síðar sendi hann mér yfirlit yfir eina fundargjörð þeirra. Á því virtist að þeir hefði rætt aðallega um höfuðlag mitt, og við umræðurnar fullyrkti einn þeirra að „lotningar-kúlan“ væri svo mikil og þann eiginlegleika hefði eg í svo ríku máli, að nægja myndi tíu prestum."

Það sem aðallega mótaði lífsstefnu Darwins og gjörbreytti öllum ákvörðunum honum viðvíkjandi, var tilboð er hann fékk að sigla með skipi, er kallað var „Beagle“ er var að leggja út í vísindalega rannsóknarför til Suður-Ameríku, sem náttúrufræðingur. Faðir hans var tregur að veita til þess samþykki sitt, en fyrir milligöngu móðurbróður síns, fékk Darwin fararleyfi. Skilmálar voru þeir, að hann fengi frían flutning en bæri sjálfur allan annan kostnað. Í ferð þessari var hann frá því í Des 1831 þar til í byrjun Okt. 1836. Komu þeir við í eyjunum flestum vestur af Afríku og sigldu suður fyrir Suður-Ameríku austanvert.

Langan tíma dvaldi hann í Brazílu, Patagoníu og vestanvert í álfunni. Á þessu ferðalagi safnaði hann ógrynnum af allskonar fróðleik og er álit hans sjálfs það, að hefði hann aldrei farið, hefði hann aldrei komist á hálfa leið í vísindastarfi sínu.

Þrem árum eftir heimkomu sína kvongaðist hann frændkonu sinni. Ennmu Wedgewood, 29. Jan. 1839. Settist hann þá fyrst að í Lundúnum, en sökum þess að heilsa hans, er jafnan hafði verið léleg, fór nú að bíla fyrir alvöru flutti hann á burtu úr höfuðstaðnum og settist að í smáþorpinu Down, og bjó þar frá 1842 til dauðadags, eða sem næst í 40 ár. Þar samdi hann allar sínar vísinda bækur, þar fullkomnaði hann sitt æfistarf. Árið 1841 segir hann í bréfi: „Faðir minn á ekki von á að eg nái sterkri heilsu í nokkur ár, þó hefi eg einskis framar að óska en ná fullri heilsu, svo eg geti gefið mig við starfi því er eg hefi hugsað að verja til allri minni æfi.“

En með því að taka sig upp og flytja sig á afskekktan stað varð honum meira að verki en áhorfðist. Hann setti sér snemma að hagnýta hverja stund, og varð honum það ekki lítið til hjálpar. Þau hjón voru bæði frábitin samkvæmislífi og það fyrstu árin, meðan þau dvöldu í Lundúnum. Hann segir í bréfi: „Við höfum yfirgefið alt samkvæmis líf, það á við hvorugt okkar.“

Í jafn sundurlausu ágrípi og þessu er ekki kostur að fara afarlega út í æfiatriði og starf þessa ágætismanns, en útdrátt úr lýsingu af hversdagslífi hans viljum vér setja eftir því sem syni hans segist frá.

Á yngri árum virtist hann meir en meðal maður á hæð, en hann varð snemma lotinn og ágjörðist það með aldri. Aldrei var hann liðlega vaxinn og grannholda var hann ætíð, en þolinn og fylginn sér framan af árum. Í göngulagi var hann langstígur. Ör gat hann verið í hreyfingum. Hár og skegg lét hann vaxa, og varð hvortveggja allsnemma grátt. Sköllóttur varð hann snemma æfi. Hann var rjóður í andliti og var það því margra hugboð að heilsa hans væri betri en hún var. Augun voru blágrá og brýrnar miklar og slúttu fram. Ennið bárótt, að öðru leyti var andlitið slétt. Í klæðaburði var hann engi

skartsmaður. Þjóst venjulegast í svörtum fötum, með linan flókahatt á höfði á vetrum, en stráhatt á sumrum. Inni við hafði hann það til síðs að slá sjali um herðarnar, og er hann fór út setti hann upp skinnfóðraða klæðisskó utanyfir stígvélin. Hann þoldi illa bæði hita og kulda.

Ætíð fór hann snemma á fætur og gekk út um stund fyrir morgunverð. Að morgunverði loknum, um kl. 9, settist hann niður við ritstörf u.n hálf aðra klukkustund. Þá las hann yfir bréf, er honum bárust héðan og handan, og tók ekki til starfa fyrir en kl. hálf ellefu, og skoðaði þá að dagsverki sínu væri lokið. Eftir hádegið var hann mikið úti, að athuga ýmsar jurtategundir, er hann hafði í gróðurhúsinu til vísindalegra tilrauna, og kom heim oftast aftur á afhallandi nóni. Fór hann þá yfir blöð; in og svaraði bréfum þeim, er hann hafði fengið þann daginn. Honum barst mikið af bókum, er honum voru sendar, og þakkaði hann þær jafnan bréflaga.

Hann var einkennilega nýttinn á pappír, svo að hann notaði öll eyðiblöð aftan af bréfum er hann fékk og handrit er hann hafði látið prenta. Segir sonur hans, að það megi fremur tilreiknast af sérvizku en sparseni fyrir honum, óg svo af virðinga semi og tilfinningu um dýrmæti pappírs, því hann hafi tæplega mátt sjá nokkurt pappírsblað eyðilagt. Er hann sat við skriftir hafði hann til síðs að hlaða skemli og koddum í stólsætið og setja svo annan stól undir fæturnar. Unz hann var búinn að búa svo um sig, fannst honum hann ekki geta tekið til verks.

Hann hafði gaman af að taka í nefið og síðari æfi brúkaði hann allmikið neftóbak. Óttaðist kona hans að honum væri það ekki hollt og var því tóbaksílátið haft á afviknum stað. Skauzt hann oft frá skriftum að fá sér í nefið, og eins er hann las fyrir, var hann að smáskjótast niður stigann og sækja milli fingra sér. Glamrið í krúsarlokinu var alvanalegt hljóð, sem heimilisfólkið kannaðist mjög vel við og var alls ekki óttitt, er hann hafði eitthvert efni með höndum ervitt viðfangs. Í bréfi segir hann, að hann hafi hætt við neftóbak í heilan mánuð, en við það haf hann fundið einhver þyngsli og dofinskap falla yfir sig. Þrá bjó í nágrenni við hann, segist oft hafa haft þá

ánægju að hann hafi stanzað hjá sér og gefið sér tíma til að tala nokkur orð, meðan þeir voru að taka í nefið.

Að þessu frátöldu reykti hann örlítið, vanalegast þá stund, er hann lagði sig útaf á daginn. Las þá kona hans fyrir hann kafla úr sögu, er hann hafði þá mesta unun af. Víns neytti hann í mjög hóflegum mæli og megna óbeit hafði hann á ofdrykkju.

Vel segir sonur hans að hann hafi kunnað með fé að fara, og altaf hélt hann bók yfir allar inntektir sínar og útgjöld. En ör var hann á fé við börn sín, enda lagði hann miklar ástir á þau. Hann veitti þeim alt það frjálsræði er þau vildu, strax og þau fóru að eldast og var alls óhnýsinn um hagi þeirra.

Ekki hafði hann mikið eyra fyrir söng og ekki aðgreindi hann lög þó hann heyrði þau oft. Sama var með málverk, lagði hann litla stund á að lesa „listina út úr burstadrættinum“. Á heimili var hann jafnan lipur og afskiptafár og ef eitthvað af börnum hans var veikt var hann hinn nákvæmasti.

Hann hafði yndi af samræðum með fáum vinum heima hjá sér og oft varð ákefð hans mikil, er hann ræddi um einhver efni er honum voru hughaldin. Hann var mjög nákvæmur í öllu er hann sagði að það skyldi reynast satt, sagði sem var, að þó ekki væri farið með vísvitandi blekking veittist mönnum, nógu ervitt að komast að sannleikanum. Hann var í öllu hinn ljúfasti og næstum á stundum barnalegur. Hugur hans var svo upptekinn við hans sérstaka starf, að hann lifði í öðrum efnunum eins og barn, er ekki hefir nokkra reynslu eða þekking á heiminum.

Um 1880 má segja að starfi hans sé lokið. Þá er heilsan þrotin. Þó lifði hann fram á 1882 og andaðist um vorið 19. Apríl. Um það leyti sat Brezka þingið, og er lát hans spurðist var strax send bænarskrá þess efnis, af 20 þingmönnum, að honum yrði veitt útför frá Westminster. Var það veitt. Þar hvíla konungar og helztu vísindamenn Breta. 26. apríl var hann jarðsettur þar við hlið Isaac Newtons, og báru hann til grafar, próf. Huxley, Lubbock mannfræðingur, Wallace vinur hans, J. R. Lowell ameríska skáldið og sendiherra Bandaríkjanna auk fleiri.

Um trúarskoðanir hans hefir verið tíðrætt og hefir hann sjálfur látið mjög lítið eftir sig um þau efni. Þó segir hann í dagbók sinni, að ef hann gæfi sér nokkurt trúfræðislegt nafn, myndi hann helst kalla sig „Agnostic“. Ekki vildi hann kalla sig guðsafneitanda, því fyrir því sagðist hann engar sannanir hafa að ekki væri guð til, miklu fremur til hins gagnstæða. En af því hann ekki gat felt sig við ríkiskyrkju-trú Englendinga var hann sagður trúlaus. — Um tilveru mannsins eftir dauðann sagðist hann ekkert geta fullyrt, en líkur væri sterkar fyrir því að maðurinn, er kominn væri alla þá óraleið, neðan frá frumríki tilverunnar, félli ekki til baka ofan í algjört tilveruleysi, þó dauðann bæri að höndum. Tilgangur mannsins og stefna, frá tilverunnar hendi sjálfrar, er sá, að vaxa að þekking og fullkomnun. Dauðinn sjálfur er náttúrulögmál og ekki í ósamræmi við þessa eðlisákvörðun mannkynsins. Meira vildi hann ekki segja.



Úgleði

*Þú forsmán þeirri sárt mér hugur hrýs—
 Sú hörmung finnst mér stærrí öllum syndum,
 Að sjá á frelsi lifa og skrifa lýs,
 Sem lægra standa „réttrúnadar“ kindum.*

P. P.



Hiinn minni

TIL

Stepháns G. Stephánssonar

FRÁ

Þorsteini Þ. Þorsteinssyni.

I.

Fear not the tyrants will rule forever,
 Or the priests of the evil faith:
 They stand on the brink of that raging river
 Whose waves they have tainted with death.
 It is fed from the depth of a thousand dells,
 Around them it foams and rages and swells:
 And their swords and their sceptres I floating see,
 Like wrecks, on the surge of eternity.

— To a blighting faith and a cause of crime
 They have bound them slaves in youthful time,
 And they will curse my name and thee
 Because we fearless are and free.

— SHELLEY.

MONTGOMERY! true, the common lot
 Of mortals lies in Lethe's wave:
 Yet some shall never be forgot—
 Some shall exist beyond the grave.

— Then do not say the common lot
 Of all lies deep in Lethe's wave:
 Some few who ne'er will be forgot,
 Shall burst the bondage of the grave.

— BYRON.


STEFÁN minn góður! lítið vort í ljóði—
 ljósið í vestri meir en þrjátígu ár!
 Mannvitsins námi Íslendings í óði,
 orðgnötta og nýrra mynda djúpur sjárl
 Frumblómin þín á frumbýlinga árum
 festu sér rót í margri nýtri sál,
 þau þurfa ei döggr frá vanans vælu-tárum,
 vaxa þau bezt við tundrað andans bál.

Hugspekismyndir hæstu frelsissjóna—
 heiðblámans ljóskvik fjarrst á sólarbraut,—
 óþektar nótur heilla og hálfra tóna
 hreifst þú og lagðir mjúkt í Óðs þíns skaut.
 Greyptir þú, skáld, í gullið söngva þinna
 gimsteina landsins, sem þú heitast anst.
 Alt þú oss gafst, sem andinn mátti vinna—
 alt, sem þú bezt í lífi þínu fanst.

Mun nú ei vestræn menning vilja gjalda
 mæringi fóstrið: vögg- og æskuljóð?
 Mun þökkinn geynd til ókominna alda
 óbornum niðjum? Slíkt er venja góð!
 Mun heimskan altaf viti sönnu verja
 vöðin, sem liggja beint til almennings?
 Mun altaf verða ein vor þjóðlífsferja,
 alla sem flytur beint til kyrkjupings?

Svari því hver í sínum eigin huga—
 svippung er von mín, drungi í hverri spá.
 Sannreyndin stingur sárt sem eiturfluga,
 sviðinn er þeirra, er vilja hið rétta sjá.—
 Samt á vort frelsi framtíð ævarandi—
 Fjallanna mögur! Þar er hástóll þinn.
 Geisli þíns orðs — þinn ungi, sterki andi
 á þar á geymslu mestan ljóma sinn.

Þökk sé þér, skáld, þú fjallasvanur fríði,
 fögnuður vor er líf í þinni sál!
 Þökk sé þér bóndi, byggðar þinnar þryði,
 bókvitið þitt er dulspakt reynslu-mál.
 Þökk æðsta skáld vort austan hafs og vestan!
 óhræddir ristum vér á söguspjöld:
 ljóðin þín eiga kyngi-kraftinn mestan
 kvæðanna þeirra, er semur snælenzk öld.



II.

Bjór færi ek þér
brynþings apaldr!
magni blandinn
ok megintýri:
fullr es hann löða
ok líknstafa.
Móðra kældra
ok gamanrúna.

— Allar váru af skafnar
þær es váru á ristar,
ok hverfðar við inn helga möðð,
ok sendar á víða vega:
Þær 'ro með ásum.

þær 'ro með álfum,
sumar með vísum vönum,
sumar hafa menskir menn.

Þat eru bókrúnar,
þat eru bjargrúnar,
ok allar ölrúnar,
ok mætar meginrúnar,
hveim es þær kná óvilar
ok óspiltar
sér at heillum hafa:
njóttu of þú namt
unz rjúfask regin.

— SIGDRÍFUMÁL.

Velkominn, Velfarinn,
vinr mætr,
heiman frá ok heim!
„Vinaminni“
vær með þökk sendum—
Bragafull þíns blóma!

Vel fer víkingi
veig at kneifa,
horn sitt hönd um spenna.
Á báruni vins björtum
barm ok vör láta
kyssask úrgum kossi.

Saman at sumbli
sátum vær hýrir
es Aftan Dag deyddi.
Glaðsrúnar ristum
ok ramma stafi.
Þá vas oss hlátr í huga.

Þá vas líf ljúfum
leiftri skærri,
Kveldhóf kærri myrgni.

Gulli glæstara,
gulli mætara
sérhvert orð frá Seva.

Þaðan es munfögr
minning risin—
Sitr á Sevatinnum.
Útsýni auðigt
og andaþs víðfeðmi
bjart mót henni brosir.—

Heill þín innganga,
heill þín útganga
í „hreiðri“ hárra sala.
Geislar góðvina
gremi eyði
æfidaga alla.

Ginnheilög regin
ok goð vár öll
sigr rún þér risti
á bak ok brjósti,
í borg ok í sveit,
höfum á ok himni.


Gleðr þat oss Stephán,
es oss grönnum þínum
sortnar fyrir sjónum,

Sökkvabekk þú sitr
með Sögu ok Óðni
eilífð Íslendinga.



Til Stepháns G. Stephánssonar.

Sungid í samsæti, er honum var haldið að Leslie, 30. Jan. 1909.



LAG: „Hvað er svo glatt, sem góðra vína fundur“ o. s. frv.


HOM HEILL! Kom sæll!— Þú kunnur ert oss öllum,
þótt augu mætist hér í fyrsta sinn,
því árum saman út frá Klettafjöllum
oss yljað hefir sólargeisli þinn.
Í kringum þig vér oft í anda sátum,
—þar átti hugsun bezta skjól og vörn—
af borðum þínum skilnings epli 'átum.
Þig elskum vér sem þakklát skólabörn.

Þú gafst oss einatt eitthvert reikningsdæmi,
sem erfitt þótti —stundum jafnvel hálf—
en þroska barnsins bezt að haldi kæmi
að „brjóta heilann“ — reyna' að hugsa sjálft.
Þú áttir jafnan nóg af nýjum sögum
af „Norna-Gesti“ og af „Jóni Hrak“
og dæmdir báðum líf á móti lögum:
Já, lund þín aldrei þekkti níðingstak.

Og ljóð þín voru meira' en hvellur hljómur,
sem heyrir rétt á meðan talað er,
þeim fylgdi jafnan djúpur undirómur,
sem instu lífsins vitund helgar sér.

Og vilji þjóðin lifa í hreinni heimi
er henni vænst að nema *skáldsins* mál.
Vér óskum þess að Fróni gæfan geymi
hvert geislabrot frá þinni stóru sál.

Sig. Júl. Jóhannesson.



HORNID

FYRIR og eftir áramótin síðustu var skáldið Stephán G. Stephánsson hér á ferð austur um byggðir Íslendinga. Fyrir 20 árum síðan, á næstkomandi sumri, flutti hann frá Dakota byggðinni íslenzku vestur undir Klettafjöll í Alberta, ásamt nokkrum fleiri, er þangað fluttust og mynduðu íslenzka byggð. Þetta er fyrsta ferðin er hann hefir farið síðan. Ferð þessa fór hann aðallega til þess að létta sér upp og svo til þess að kynnst persónulega byggðum og bæjarhátum og mönnum þeim, er allareidu þekktu hann fyrir ljóð hans og hann hafði átt bréfa-skifti við.

Upp í ferð þessa lagði hann þann 28. Okt. síðastl. og komst heim aftur þann 6 Febr.

Af því skáldið var öllum ókunnugur voru samankallaðir nokkrir menn hér í bænum, af þeim vinum hans. Hr. Eggert Jóhannssyni og Hr. Skapta B. Brynjólfssyni. Menn þessir áttu að mynda nokkurskonar móttökunefnd, undirbúa samkomu, er skáldið héldi einhvern daganna er hann stæði við í bænum og vera honum leiðbeinandi viðvíkjandi ferðalögum hans út um byggðirnar, þar sem hann væri ókunnugur.

En til þess að samkomufyrirtæki hans í bænum skyldi vera sem bezt fjárhagslega borgið voru spilin vel stokkuð í þá nefnd, svo að þrátt fyrir fráleitar trúarlegar skoðanir skáldsins, skyldi þó vera nóg af hinni einu sönnu Evangelisk-Lúthersku barnatrú í nefndinni að samkomuhúsið yrði velskipað. Nefndin taldi upp á samvinnu allra Íslendinga í bænum, að efla aðsókn og gjöra samkomuna skáldinu sem arðmesta og ánægjulegasta. Samvinnan kom fram, en reyndar í annari mynd, er ekki væri oss bæjarmönnum til mikils vegsauka í augum bræðra vorra heima, er talið hafa Stephán í röð vorra betri skálda. Aðsóknin varð von um minni, og borga þurfti alt er til samkomunnar var fengið. Templara-húsið kostaði \$10. um kvöldið. Það var fyrsta skifti er húsnefnd Templara gafst kostur á að sýna höfðinglegar viðtökur einu skálda vorra hér vestra. Ekkert stoðaði það þótt tveir húsnefndarmenn mælti móti svona löguðu örlæti. Organleikari einn hafði heitið að skemta þar með hljóðfæraslætti um kveldið. En ægilegt kvef greip hann fám stundum fyrir samkomukveldið, svo ekkert gat af því orðið. En til þess að sýna þó hluttekning sína við skáldið sendi hann mann í salinn, er sagaði fáein lög á fíflín og bað um 20 kr. fyrir.

Nefndina og nokkra vini skáldsins langaði til þess, að hann hefði einhvers fleira að minnast frá ferð sinni hingað. Kom þeim því saman um að safna nokkrum dölum og gefa honum einhvern grip til minja. Að tillagi Kristins skálds Stefánssonar komu menn sér saman um að láta silfurbúa horn að fornum síð, og afhenda honum. Bjó skáldið Þorst. Þorsteinsson til upprátt, er hornið var smíðað eftir, og sýnir myndin hér að framan upp-

dráttinn. Á hliðinni er frá snýr er norrænn skjöldur, milli efri bauganna. Á hann er grafin 5. vísan úr Sigurdrífumálum. Með horninu fylgdi til skáldsins \$ 50.00.

Það er ósk og von gefenda að skáldið eigi langan dag framundan, njóti gripsins sem lengst og megi sem oftast taka Braga-full í hönd.



ELDSÝNIN :

(*MARTRÖÐ*)

eftir

Edgar Allan Poe.

MITT í helpögn miðrar nætur mildan, þungan heyrði' eg óm,

sem mér barst frá kyrkjuklukkum, kvalþrunginn sorgarhljóm.—

Leið svo hægt í loftsins öldum, létt í gegnum húmið brauzt.

Eins og þrunginn þungum dómi, þýðum líka blandinn ómi.

Lúinn inni eg lá í klæðum, logaði eldur vel á glæðum,

illir draumar að mér sóttu og mig þjáðu vægðarlaust.

Þegar hinsta hljómsins bergmál heyrðist eins og varpa önd,

lyftist yfir öldur húmsins, yfir á Liðna-Tímans strönd;

skildi menjar engar eftir, ekkert teikn, né spor né far.

Fyr en andvarp út gat látið upp eg reis í trylltu fátí.—

Draumavilla og drungi í æðum dró upp mynd á eldsins glæðum.

—Fjandans ásýnd óttalega, yglða og skælda sá eg þar.

Yfir þar, á arni rauðum, inni í logans skærri glóð,

fannst mér þessi fjandi standa, fálmandi er upp eg stóð.

Stýrur eg úr augum néri, upp við rekkju mína stóð.

Augum ljúka upp er þorði' eg, arin beint í glæður horfði' eg:

Herra trúr!— Eg horfði á hann hoppa þar. Ó, guð! Eg sá hann

hrækja, hvæsa og frísa frá sér froðu, er var sem sollið blóð.

Hljóður út í húmið starði eg, höggdofa af skelfing stóð,
 unz mér fannst í æðum mínum ólga þetta sollna blóð;
 unz mér fannst minn dreyri drjúpa, drjúpa af andans bólgnu vör;
 unz mitt nafn eg heyrði hann hjala, — hné eg þá í mók og dvala,
 kvalasvita köldum sveittist, í kyrð og hörku óttinn breyttist.
 Niður á mína hvílu hné eg, hvarf mér lífs og sálar fjör.

Þar, í dauðans grimmum greipum, gagntekinn af ótta' eg lá,
 barst þá hægt að hlustum mínum hryglurómur, arni frá.
 Rómur, líkur látum þeim, er lýsa draumum morðingjans.
 Innti: — „Hærra, hærra, hærra! Herra er eg glóða skærra!
 Eg er eldsins Erki-Fjandi, Ægi-bál mitt sýkyndandi,
 og mín bezta brennifórn er blóð og tár hins fallna manns!

Hve eg svalla um grónar grundir, gegn um skóginn æstur þýt!
 Hve eg hlæ, er byggð í björtu báli í vetrar-hörkum lít,
 þegar kvein og hræðslu hljóð eg heyri til hins ærða manns.
 Þá eg hlæ af heilum barka, í höndum mínum brandar snarka.
 Meðan að þeir molna smærra, í myrka ösku, hærra, hærra
 hoppa mínir höfuðprestar, í hryllilegum feigðar-dans!

Eg er eldsins einvaldsherra, Ægi-sjólí úr Dauðans byggð!
 Myrkri anda eg yfir landið, eyðilegging, böli og hryggð!
 Ímynd kvala endalausra á enni mínu spegla sig,
 því eg Vitis glóða glærra gæti og stjórna! Hærra, hærra
 hoppa mínir Hjálpar-fjandar, hlaupa líkt og Drauma-andar,
 faðma alla Alveruna, armlög þeirra gleðja mig!“

Þá var eins og þögn og myrkur þyngdi að um litla stund.
 Eins og barn, í örmum móður, eg að lokum festi blund.
 Unz til tíða kyrkjuklukkan kallaði í dimmum róm,
 unz hinn frjálsi fugla grúi flaug úr sínu mosabúi, —
 leið und grænum greinabogum gylltur morgunsólar logum.
 Eins og her, sem geysar gegn um greniskóg og vafningsblóm.

Heyrði eg inn um opinn gluggann yndisfagran hljóma söng.
 Þar í trjánum þröstur sat og þuldi morgunkvæðin löng.
 —Önuglyndur lítill þröstur ljóð sín kvað til maka síns.—
 Þá eg reis úr rekkju minni, rændur þrótt af martröðinni;
 mundi glöggt þann undra anda, er á glæðum sá eg standa,
 —hann var enn í augum mínum, eins og svipur dauða míns.

Váleg glóðin hjaðnað hafði í hrúgu gráa, sem þar lá,
 lengur sást þar logi enginn, líkur þeim er fyr eg sá.
 En á miðjum arni, þar sem andann sá eg fyrir stund,
 var sem skuggi lítill léki, leyndist þar hjá brendu spreki,
 og benti fingri að Biblíunni, á borði sem að lá þar inni.—
 Og eg sagði: „Allur kraftur er í drottins — *Drottins* mund.“

E. J. Árnason.



Fáein orð um heiti Jólanna o. fl.

Eftir

Prófessor Björn Magnússon Ólsen.



NORRI STURLUSON segir í Heimskringlu, að Hákon konungur Aðalsteinsfóstri, sem var alinn upp á Englandi, hafi verið vel kristinn, þegar hann kom til ríkis í Noregi, en orðið að fara leynt með það, af því að Norðmenn voru flestir rammheiðnir. Fyrsta spor Hákonar í þá átt að koma á kristninni hafi verið það, að hann setti það í lög, að heiðnir menn skyldu halda Jól sín á sama tíma og kristnir menn, en áður hófust Jól heiðinna manna á höggunótt eða, sem er sama, miðsvetrarnótt, þ. e. aðfaranótt fyrsta dags Þorra, og stóðu 3 nætur.

Á þessu sést, að orðið *Jól* var upphaflega nafn á miðsvetrarblóti heiðinna manna, og að nafnið á sér heiðnar rætur. Á þessari heiðnu hátíð streymdu menn að hofunum og var þá blótað hrossum og öðrum fórnardýrum, og slegið upp mikilli kjötveizlu og óspart drukkið, því að hver maður átti að hafa með sér öl svo mikið, sem þurfa þótti, ef honum var ekki beint boðið til Jólaveizlunnar. Orðið *höggunótt* er skylt sögninni *höggva* og dregur nafn sitt af fórnardýrunum, sem *höggvin* voru. Stundum er miðsvetrar nóttin kölluð *hökunótt*, en sú mynd virðist stafa af ónákvæmum framburði.

Það er vafasamt, hvort Hákoní konungi hafi tekist að færa heiðnu Jólin aftur, jafnvel líklegt, að sú ráðstöfun hans hafi að engu orðið eins og aðrar tilraunir hans að koma á kristninni. Hér á Íslandi má að minsta kosti telja víst, að Jólin hafi altaf byrjað á höggunótt í heiðnum sið, eða alt fram að árinu 1000, þegar kristni var lögtekin.

En hitt er víst, að kristna hátíðin erfði nafn gömlu heiðnu Jólanna bæði hér og annarstaðar á Norðurlöndum. Trúboðar þeirra tíma voru frjálslýndir í þesskonar smámunum og lofuðu nýgræðingunum kristnu að láta hátíðina halda hinu gamla, kæra og munntama nafni.

Flestar aðrar þjóðir nefna nú Jólin kristnu nafni, t. d. Þjóðverjar *Weihnachten* (þ. e. næturnar helgu), Frakkar *Noël* (þ. e. fæðingardagur, ☉: Kristi), Englendingar *Christmas* (þ. e. Kristsmessa).

Um tvær fornþjóðir germanskar vitum vér samt, að þær hafa kallað Jólin sama heiðna nafninu og vér Norðurlandabúar, en það eru Gotar hinir fornu og Engilsaxar.

Í broti af gotnesku almanaki er nóvember mánuður kallaður *fruma Jiuleis*. Fyrri orðið, *fruma*, er skilt forskeytinu *frum-* í íslenzku (t. d. í *frumburður*), og þýðir eiginlega *hinu fyrsti*, en í þessu sambandi táknar það 'þann (☉: mánuð) sem fer næst á undan', eins og t. d. *fruma sabbato* þýðir á gotnesku: 'sá dagur sem fer næst á undan sabbatsdegi'. *Fruma Jiuleis* þýðir þá: 'næsti mánuður á undan *Jiuleis*', en *Jiuleis* er *Jólamánuður* og er alveg sama orðið og forna íslenzka mánaðar-

nafnið *Ylir*, sem er beint myndað af orðinu *Jól*. Gotneska sýnir þá, að Gotar hafa nefnt desember nafnið *Juleis*, af því að Jólin féllu í þann mánuð, og virðist mega ráða af þessu, að Gotar hafi haft sama nafn á Jólunum og vér Norðurlandabítar. Eftir fornu íslenzku tímatali (gamla stíl) falla kristni Jólin að vísu aldrei í „*Yli*“, heldur er *Ylir* næsti mánuður á undan Jólum.

Engilsaxar kölluðu Jólin *Geohhol*, sem er sama orðið og *Jól* á íslenzku. Af því dregst *Yule* í nútíðar ensku, sem þó er minna tíðkað en *Christmas*. *Yli* þekktu Engilsaxar líka og nefndu hann *Géola*, en því nafni kölluðu þeir tvo af rómversku mánuðunum: Desember kölluð þeir „*Yli hinn fyrri*“, en Janúar „*Yli hinn síðari*“.

Ylir (öðru nafni *Ferarmánuður*) er eftir íslenzku tímatali 2. mánuður í vetri og byrjar altaf á mánudag, en mánaðardagurinu munar frá 10. til 17. nóv. í gamla stíl, en frá 20. til 27. nóv. í nýja stíl. Þriðji mánuður í vetri er vanalega nefndur *Mör-sugur* eða *Hrútmánuður*, en þó stundum líka *Jólmánuður*, hann byrjar altaf á miðvikudag, en mánaðardagurinn munar frá 10. til 17. des. í gamla stíl, en frá 20. til 27. des. í nýja stíl. Þessi mánuður endar altaf á fimtudag, þegar vetur er rétt hálfnaður, en með næsta degi, föstudegi, byrjar *Ferri*, og heitir nóttin þar milli *höggunótt*. Má því segja, að *Jólmánuður* endi á *höggunótt*. Fyrsti dagur Þorra getur munað frá 9. til 16. janúar í gamla stíl, en frá 19. til 26. janúar í nýja stíl.

Nafnið *Jólmánuður* þýðir alveg sama og *Ylir*. Þessir tveir mánuðir, 2. og 3. mánuður í vetri, hafa þá í rauninni sama nafn, líkt og hjá Engilsöxum. Af þessu virðist mega ráða, að 3. vetrarmánuðurinn hafi upphaflega (í heiðni) heitið *Ylir*, af því að hann gekk næst á undan hinum heiðnu Jólum og endaði á *höggunótt*, en síðan, þegar kristnin kom og Jólin fluttust til 25. desember, þá hafi líka mánaðarnafnið færst aftur á 2. vetrarmánuðinn og hann verið nefndur *Ylir*, af því að hann var næsti mánuður fyrir kristnu Jólum. Líklegt er, að báðir mánuðirnir hafi um hríð borið sama nafnið, *Ylir*, en verið greindir á þann hátt, að 2. vetrarmánuðurinn hafi verið nefndur *Ylir hinn fyrri*, en 3. vetrarmánuðurinn *Ylir hinn síðari*, líkt og hjá Engil-

söxum. En síðan hafa menn svo tekið upp á því að kalla fyrra mánuðinn *Ýlir* eingöngu, en síðara mánuðinn *Jólmánuð* eða öðrum nöfnum.

Heiðnu Jólin stóðu aðeins í 3 daga, sem áður er sagt. En Jól vor kristinna manna standa yfir í 13 daga, frá fyrsta jóladegi til þrettánda (6. janúar), eða réttar tvær vikur, ef aðfangadagur Jóla er með talinn.


Fornmenn tala aldrei um Gamlársdag eða Nýjárstag, heldur kalla þeir altaf Gamlársdaginn *sjaunda* (s: sjöunda) *dag Jóla* og Nýjárstaginn *átta* (s: áttunda) *dag Jóla*. Margt mælir með því, að menn hafi lengi fram eftir öldum, eftir að kristni komst á, talið nýja árið byrja fyrsta jóladag.

Svo segja fróðir menn, að orðið *Jól* sé skylt latneska orðinu *jocus* og þýði upphaflega „gaman“ eða „gleði“. Er það sannnefni, því að Jólin hafa altaf verið gleði-hátíð.

Guð gefi okkur öllum *gleðileg Jól!*

Skrifað á síðasta dag ÝLIS 1908.

[— Reykjavík.]



HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar einn dollar um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTYRI: Rögnvaldur Pétursson, 583 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.